

EVROÐPUSAMVINNAN og hagsmunir launafólks
Setningarávarp Grétars Þorsteinssonar, forseta ASÍ

Utanríkisráðherra, sendiherra ESB, félagar og aðrir
ráðstefnugestir.

Ég vil byrja á að bjóða ykkur velkomin á þessa ráðstefnu
Alþýðusambandsins um Evrópusamvinnuna og hagsmuni
launafólks og þakka þeim frummælendum sem hér hafa
góðfúslega orðið við óskum okkar um að ávarpa
ráðstefnuna.

Einhverjir kunna ef til vill að velta því fyrir sér hvað
Alþýðusamband Íslands sé að halda ráðstefnu um
Evrópumál. Svárið við því er einfalt. Það hefur væntanlega
ekki farið framhjá neinum að í gegnum aðild Íslands að
evrópska efnahagssvæðinu hafa fjölmargar ákvarðanir
sem eru teknar á vettvangi Evrópusambandsins bein áhrif
á kjör og réttindi almennings hér á landi. Það eitt og sér
nægir til að gera Evrópumálin að viðfangsefni
verkalýðshreyfingarinnar.

Auk þess er Alþýðusambandið aðili að ETUC-
Evrópusambandi verkalýðsfélaga og landssamböndin í ASÍ
taka sum hver virkan þátt í starfi evrópskra
starfsgreinasamtaka.

Á síðasta þingi Alþýðusambandsins, haustið 2000, var
ítarlega fjallað um Evrópumálin og meðal annars ákveðið
að upplýsa og fræða félagsmenn um Evrópusamstarfið.
Jafnframt hefur verið ákveðið að ræða málið á ársfundi
ASÍ sem haldinn verður um mánaðamótin
október/nóvember næstkomandi.

Undanfarin ár hefur sívaxandi áhersla verið lögð á þennan
málaflokk og Alþýðusambandsþingið árið 2000 komst að
þeirri niðurstöðu að taka beri umræðuna um aðild að
Evrópusambandinu á dagskrá. Það segir ekkert til um hver
niðurstaðan verði af umræðunni, en við getum ekki látið
eins og viðfangsefnið sé ekki til staðar.

Þetta felur auðvitað í sér að efla verður alvarlega og ítarlega umræðu. Alþýðusambandið hlýtur að vera meðal þeirra sem gegna lykilhlutverki í því sambandi sem stærstu hagsmunasamtök launafólks á Íslandi.

Þingið ályktaði í þá veru að ASÍ bæri að hafa frumkvæði í þessari umræðu og stuðla að því að spurningin um aðild og skilgreining á samningsmarkmiðum kæmust á dagskrá. Þessi ráðstefna er liður í að framfylgja þessari ákvörðun þingsins og í að upplýsa félaga okkar.

Þessu til viðbótar má nefna, að í stórri skoðanakönnun sem Alþýðusambandið lét gera fyrir sig fyrir nokkru, kom fram að um 80% þjóðarinnar eru þeirrar skoðunar að Alþýðusambandið eigi að leitast við að hafa áhrif á stefnumótun á Evrópuvettvangi.

Aðdragandinn og ástæðurnar fyrir því að við efnum til þessarar ráðstefnu ættu því að liggja ljós fyrir.

Þegar EES-samningurinn var í deiglu fyrir um áratug síðan, var hann vissulega umdeildur. Ýmsir höfðu áhyggjur af þróun mála. Þær áhyggjur hafa reynst óþarfar að mestu. Samningurinn hefur fært íslensku launafólki ýmislegt sem er óvíst að það hefði öðlast án samningsins.

Það er einnig á grundvelli þessa samnings sem við höfum komist í sterka aðstöðu innan ETUC - evrópusambands verkalýðsfélaga. Sú þátttaka hefur veitt okkur aðgang og aðild að evrópsku vinnumarkaðsviðræðunum og við höfum tekið þátt í öllum samningum um réttarbætur í félags- og vinnumarkaðsmálum á milli ETUC og evrópsku atvinnurekendasamtakanna.

Þessi þátttaka hefur fært okkur í beint samband við löggjafarstarf á evrópskum vettvangi, því þessum samningum er síðar breytt í löggjöf sem gildir fyrir allt svæðið. Við höfum því stundum haldið því fram að við höfum komist nær löggjafarstarfi á Evrópuvettvangi en íslensk stjórnvöld.

Það er aftur á móti ljóst að EES samningurinn hefur veikst. Áhugi innan Evrópusambandsins á að endurnýja hann eða viðhalda honum virðist takmarkaður. EFTA-ríkin eiga því á hættu að einangrast. Um þetta held ég að flestir séu sammála. Samskonar áhyggjur hafa ýmsir viðrað og þær hafa meðal annars komið fram í skýrslum utanríkisráðherra.

Við heyrum stundum rætt um að tvíhliða samningur við Evrópusambandið sé svarið við veikari stöðu EES-samningsins. Við höfnum því. Það byggir á því, að tvíhliða samningur snerist einvörðungu um viðskipti og hefði litla þróunarmöguleika. Það er því mikill misskilningur ef fólk heldur að slíkur samningur geti komið í stað EES-samningsins.

Í gegnum EES-samninginn höfum við öðlast margvísleg félagsleg réttindi og aðgang að verkefnum og sjóðum sem tengjast menntun, rannsóknum, félags- og vinnumarkaðsmálum, neytendamálum, umhverfismálum og menningu. Allt þetta skiptir íslenskt launafólk miklu máli, ekkert síður en hagstæðir viðskiptasamningar.

Á sínum tíma, þegar umræðan um EES samninginn stóð hvað hæst, þá gerðum við það upp við okkur að í Evrópusamstarfinu fælust bæði tækifæri og hættur. Við ákváðum þá að reyna að koma málum þannig fyrir að við hagnýttum okkur tækifærin en reyndum á sama tíma að verja okkur fyrir hættunum.

Hér á ég von á að frummælendur muni reifa þessi mál frá ýmsum hliðum, þó þemað á okkar vettvangi sé fyrst og fremst hagsmunir launafólks. Við erum ekki hingað komin til að leiða málið til lykta, heldur erum við að undirbúa frekari umræðu – meðal annars á ársfundi ASÍ eftir rúman mánuð.

Um leið og ég lýsi þessa ráðstefnu setta, vil ég biðja Elínu Hirst að taka við stjórn ráðstefnunnar.